


Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

VIFR3LF05

Kennari	Hlynur Ómar Svavarsson M.Sc (hlynur.svavarsson@fss.is)	
Viðtalstími	Fimmtudaga kl.12:20 til kl.13:00	
Námsefni	Lögfræði fyrir viðskiptalífið eftir Björn Jón Bragason. Verkefnabók úr kennslubókinni í lögfræðinni.	
Áfangalýsing	Í lok áfangans eiga nemendur að þekkja rétt sinn á ýmsum sviðum persónuréttar- og viðskiptalífs. Nemendur kynnist grundvallaratriðum réttarkerfisins og fái nokkra innsýn í samningsgerð og skaðabóta- og kröfuréttarsambönd. Einnig verður fjallað um réttarreglur viðskiptalífsins, fasteignakaup, verslun og verslunarhætti auk bókhaldsskyldu og skattskyldu fyrirtækja.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Ekkert lokapróf verður haldið í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf verða haldin á önninni og er lágmarkseinkunnin 4,5 úr hverju prófi fyrir sig. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í stoðtímum. Vægi námsþátta:	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Vinnubók	40%
	Kaflapróf	30%
	Hópverkefni	15%
	Ýmiss verkefni	15%

Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara! Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum. Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftar en 18 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina frá orði til orðs og spurðu ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. Nýttu þér stoðtímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á.

Þekking	
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Grunnatriðum lögfræðinnar b. Grundvallaratriðum í réttarfari, fræðilegri uppbyggingu og forsendum lagaréttar c. Réttarheimildum d. Íslenskri stjórnskipan e. Mannréttindakafli íslensku stjórnarskrárinnar f. Meginreglum íslensks réttarfars og helstu farvegi mála í gegn um dómstóla og aðrar stofnanir réttarkerfisins svo sem greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti g. Helstu hugtökum sem lúta að réttindum og skyldum þjóðfélagsþegna h. Almennum reglum sem varða samninga, umboð og aðra löggerninga i. Lögum og réttarreglum um lausafjárkaup og fasteignakaup 	<ul style="list-style-type: none"> j. Helstu lögum og réttarreglum er varða kröfur og skuldbindingar k. Helstu lögum og réttarreglum er varða sifja-, erfða og barnarétt l. Helstu réttindum og skyldum aðila á vinnumarkaði m. Helstu lögum um stéttarfélög og vinnudeilur n. Mismunandi rekstarformum í atvinnurekstri hvað snertir ábyrgð eigenda og fleira o. Lögum og reglum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti <p style="text-align: center;">Leikni</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Greina og setja fram rökstudda lausn við lögfræðilegum álitamálum sem sett eru fram í raunhæfum dæmum b. Flokka kröfuhafa gjaldþrotabús í skuldaröð c. Skipta upp búi við skilnað samkvæmt reglum um hjónaskilnað, helmingaskipti og séreignir d. Gera upp dánarbú samkvæmt íslenskum erfðareglum
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Útskýra mikilvægi lögfræðinnar fyrir einstakling, fyrirtæki og samfélag b. Leysa raunhæf lögfræðileg dæmi c. Lesa og hlusta á umræður um lögfræðileg málefni með skilningi d. Tjá sig í ræðu og riti um lögfræðileg málefni e. Beita upplýsingatækni við öflun upplýsinga og lausn verkefna 	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Vinnubók og hópverkefni	4 x 5 klst.	20 klst.
Alls		112 klst. = 5 fein*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 20. - 27. ágúst	Kynning á áfanganum	Kennsla hefst 20. ágúst 2021
2. vika 30. ágúst - 3. september	1. kafli: Lög og réttur	Tímaverkefni frá kennara.
3. vika 6. - 10. september	2. kafli: Handhafar ríkisvalds og mannréttindi	Hópverkefni frá kennara.
4. vika 13. - 17. september	3. kafli: Dómstólar	Tímaverkefni frá kennara.
5. vika 20. - 24. september	4. kafli: Verslun og viðskipti	Hópverkefni frá kennara.
6. vika 27. sept. - 1. október	5. kafli: Neytendavernd	Stöðupróf 1 Kaflar 1 – 5
7. vika 4. - 8. október	6. kafli: Samningsgerð	Tímaverkefni frá kennara.
8. vika 11. – 15. október	7. kafli: Kröfur	Hópverkefni frá kennara.
9. vika 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	8. kafli: Atvinnulíf	Tímaverkefni frá kennara.
10. vika 25. - 29. október	9. kafli: Skattar	Stöðupróf 2 Kaflar 6 – 10
11. vika 1. - 5. nóvember	10. kafli: Vinnumarkaður	Tímaverkefni frá kennara.
12. vika 8. - 12. nóvember	11. kafli: Skaðabætur og váttryggingar	Hópverkefni frá kennara.
13. vika 15. - 19. nóvember	12. kafli: Fasteignakaup	Tímaverkefni frá kennara.
14. vika 22. - 26. nóvember	13. kafli: Sifjar	Hópverkefni frá kennara.
15. vika 29. nóv. - 3. desember	14. kafli: Erfðir	Stöðupróf 3 Kaflar 11 – 15

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Hlynur Ómar